

## Fundargerð stjórnar Tækniminjasafns Austurlands

Þriðjudagur 2. maí 2023 kl. 17.00 á Teams.

### Mætt

Skúli Vignisson formaður, Bjarki Borgþórsson varaformaður, Tinna Guðmundsdóttur varamaður og Jónína Brynjólfsdóttir og Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir safnstjórar.

Ingirafn Steinarsson boðaði forföll

### Dagskrá

Í byrjun fundar er lagt fram power point kynning sem send var fundarmönnum fyrir fund þar sem tæpt er á helstu dagskrárlíðum.

1. **Vélsmiðjan** – endurbætur ganga vel, húsið er að verða tilbúið fyrir uppsetningu sýningarinnar. Drenframkvæmdir hafa verið umfangsmeiri og kostnaðarsamari en ætlað var og enn eru tæknileg vandamál. Julia Martin hefur teiknað upp útisvæðið þar sem ætlunin er að láta sárið í steypum gólfpletinum (vegna drengs) halda sér og rækta það upp með íslenskum villtum plöntum.
2. **Sýning og starfsemi sumarsins**
  - a. Sýning um sögu Búðareyrarinnar verður opnuð 17. júní í og við Vélsmiðjuna. Litten Nystrøm og Haraldur Karlsson eru hönnuðir en sýningarstjórn og -gerð í höndum starfsfólks safnsins. Framlag Miðstöðvar menningarfræða þetta árið verður í formi kostnaðar vegna hönnuða sýningarinnar.
  - b. Vörðurnar hafa verið settar upp á þremur stöðum í bænum, vonir standa til að fjórða varðan fái að vera á eða við nýja Angró bryggju þegar hún verður tilbúin. Á þeim er „sýning“ sem fjallar um daglegt líf bæjarbúa með hliðsjón af náttúru, barnæsku, árstíðum og samfélagi
  - c. Smiðjuhátíð – ætlunin er að halda hátíðina í ágúst, áður en skólar byrja, á heimasvæði hennar, í og við Vélsmiðjuna og Angróbryggjuna.
  - d. Skipulag – safnstjórar eru að skoða fyrirkomulag og þarfir um mönnum vegna sýningargæslu í sumar.
3. **Angró – staðan**
  - a. Lóðaúthlutun.  
Safnið hefur verið úthlutað þremur lóðum við Lónsleiru og því verður ekki þörf á að fara í landfyllingarframkvæmdir að svo stöddu. Einnig hefur hafnarstjóra verið falið að ganga frá yfirfærslu eignaréttar á Angró frá höfninni til safnsins og munu því fylgja tryggingarbætur. Upphæðin er enn ekki þekkt.
  - b. Byggingarnefnd

Lagt er til að safnstjórar, Skúli Vignisson stjórnarformaður og fulltrúi frá Múlaþingi skipi byggingarnefnd Angró sem ætlað er að funda 1x í mánuði til að byrja með og svo örar eftir því sem verkefnið vinnst áfram. Fundarpunktur komi fyrir stjórn.

**4. Forvörsluhúsnæðið á Strönd**

Húsnæðið er tilbúið og byrjað er að flytja safneignina inn í það. Stefnt að því að flutningi ljúki fljótlega.

**5. Drög að ársreikningi.**

Lögð fram drög að ársreikningi, enn á eftir að yfirfara nokkur atriði.

**6. Drög að viðskiptaáætlun**

Heimir Freyr Hlökkversson, nemandi í menningarstjórnun við Bifröst, vann í námi sínu einstaklingsverkefni sem fólst í að gera viðskiptaáætlun fyrir safnið sem miðast við þegar safnið opnar á nýjum stað. Drögin lögð fram til kynningar.

Fundi slitið kl. 18.03